

«Vörsluaðili»		12010266
«HEIMILI»	30.01.2012	4.4.00
«PNR» «PÓSTSTÖÐ»		LS/bb

Efni: «Nafn»

Sjóður nr. «Nr»

Sjóðum og stofnunum, sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, sbr. lög nr. 19/1988 með síðari breytingum, ber að skila ársreikningi nýliðins árs til Ríkisendurskoðunar fyrir 1. júní n.k. Nálágast má ársreikningsformið á heimasíðu Ríkisendurskoðunar (sjá www.rikisend.is undir liðnum „sjálfseignarstofnanir ársreikningsform 2011“ hægra megin á forsíðu heimasíðunnar).

Reikningsformið, sem byggir á ársreikningskafla bókhaldslaga nr. 145/1994, samanstendur af 4 tölusettum blöðum auk forblaðs.

Á bls. 2 er efnisyfirlit. Þar er gert ráð fyrir í 6. lið að skýringar fylgi reikningum og jafnframt er svæði (skýr.) í rekstrar- og efnahagsreikningi fyrir tölusettar tilvísanir í þær skýringar. Ef skýringar fylgja ekki ber að geta þess í efnisyfirlitinu. Á bls. 2 er einnig gert ráð fyrir áritun stjórnar og nafn og aðsetur vörsluaðila.

Á bls. 3 eru tvenns konar dæmi um texta til undirritunar eftir því hvort löggiltir endurskoðendur eða kjörnir skoðunarmenn eiga hlut að máli og að reikningarnir séu áritaðir án fyrirvara.

Á bls. 4 og 5 er rekstrar- og efnahagsreikningur. Framsetning reikninganna þarfnast ekki sérstakra skýringa að öðru leyti en því að sé verðgildi fasteigna í efnahagsreikningi annað en fasteignamatsverð skal geta fasteignamatsverðs í skýringum.

Ríkisendurskoðun leggur ríka áherslu á að ársreikningurinn fyrir árið 2011 sé áritaður eins og formið gerir ráð fyrir og sendur Ríkisendurskoðun fyrir 1. júlí 2012, óháð því hvort starfsemi er meiri eða minni.

Ef stjórn sjóðs eða stofnunar er ekki fullskipuð skv. skipulagsskrá eða umsýslu með þeim er að öðru leyti ábótavant eru vörslumenn þeirra eindregið hvattir til að hafa forgöngu um að úr verði bætt. Hafa má samráð við Ríkisendurskoðun um þetta, sem og annað varðandi umrædda sjóði og stofnanir. Ef óskað er frekari upplýsinga vinsamlegast hafið samband við Lindu Sigurðardóttur hjá Ríkisendurskoðun, netfang: linda@rikisend.is, sími 569-7100.